



## 11. stjórnarfundur LH

15. apríl kl. 15:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Andrea Margrét Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson og Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. Sóley Margeirsdóttir og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Eyþór Jón Gíslason úr aðalstjórn. S. Rúnar Bragason, Magnús Benediktsson og Ingimar Ingimarsson úr varastjórn.

1. Fundargerð 9. fundar 10. apríl 2017 – samþykkt
2. Fundargerð 10. fundar Skype 24. apríl 2017 – frestað
3. **Starfsmannamál**  
Skrifstofustarf á skrifstofu LH var auglýst í apríl og hafa HBH, JDB og LÁH farið yfir umsóknir. 19 sóttu um og voru 7 teknir í viðtal.
4. **Sumarferð og fundur**  
Stefnt er að því að fara í reiðtúr á Skógarhólum. Mæting kl. 15:30, fundur kl. 16:00. Eftir fundinn verður grillað og svo reiðtúr um þjóðgarðinn. HBH, JDB, SÁ.
5. **Samstarf við íþróttifræðideild HR**  
Frestað til næsta fundar.
6. **Svar til Meistaradeildar æskunnar**  
Stjórn LH hefur fjallað um málið og telur sig ekki hafa lögsögu í þessu máli. Stjórnin hvetur málsaðila til að leysa ágreininginn á heimavelli og endurskoða reglur deildarinnar ef þörf krefur fyrir næsta keppnistímabil. Vísa í keppnis- og æskulýðsnefnd, leiðbeiningar. HKG og LÁH klára.
7. **Rekstrar á félagssvæði Léttis, nýtt bréf**  
Félagsfundur, aðilar sem sendu bréf mættu ekki. Akureyrarbær leyfir rekstra á umræddum leiðum á félagssvæði Léttis. Formanni falið að hafa samband við bréfitara.
8. **ÍSí þing**  
LÁH, JDB, HBH og HKG voru fulltrúar á þinginu. Þingið fór vel fram og nauðsynlegt að stjórnin styrki og efli sambandið við ÍSí.
9. **Samningur vegna LM2020**  
Unnið er með samningsdrög við Rangárbakka. Stjórn gerði ýmsar athugasemdir sem færðar verða inn í drögin og send samninganefnd Rangárbakka til baka.



10. Yfirferð yfir styrktarsamninga (Bláa lónið, Hringdu, Lífland)

**11. Önnur mál**

a. **Lán LH fyrir LM**

Lagði formaður til að lánið yrði greitt upp, upphæðin er um 6.500.000 kr. Samþykkt að fela gjaldkera að skoða það mál gaumgæfilega.

b. **Þjálfarastig ÍSÍ og LH**

Stjórn LH fól Sveini Ragnarssyni deildarstjóra hestafræðideildar við Háskólann á Hólum, að setja upp þjálfarastig LH og ÍSÍ, í samstarfi við Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóra ÍSÍ á Akureyri. Sveinn skilaði tillögu að stígunum sem lögð var fyrir fundinn og var hún samþykkt.

c. **Uppskeruhátíð**

MB og Eysteinn Leifsson eru í nefnd. Stjórnarmenn óski eftir því að nefndin skili af sér tillögum á næsta fundi.

d. **Landsþing**

Fara yfir tillögur og senda skilaboð til mótshaldara og á formannalistann. AMP.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 18:30.  
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir*